

Nd. 330. Tillaga til þingsályktunar

um skipun millipinganefndar til þess að gera tillögur um breytingar á lögum háskólans og reglugerð.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela kennslumálaráðherra að skipa þriggja manna nefnd, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka þingsins, til þess að vinna að endurskoðun á lögum og reglum um Háskóla Íslands, með sérstöku tilliti til þess, að sem örugglegast verði um það búið, að jafnan veljist hinir hæfustu menn í fastar kennarastöður við háskólann og að endurskoðuð verði gildandi ákvæði um aukakennara og réttindi þeirra.

Nefndin sé ólaunuð, og skal hún leggja fram álit sitt áður en næsta þing kemur saman.

Greinargerð.

Fyrir menntamálanefnd hefir legið frv. til laga um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands, þskj. 181. Nefndin hefir klotnað um málið, og mun meiri hlutinn ekki skila sérstöku nefndaráliti um frv. sjálf, en leggur til, að málið verði afgreitt með framangreindri till. til þál. Við fyrstu umræðu um frv. gaf kennslumálaráðherra þá yfirlýsingu, að hann féllist á að ráða sr. Björn Magnússon sem aukakennara við guðfræðideild háskólans, með réttindum til að prófa kandidata, til loka yfirstandandi skólaárs. Jafnframt hefir kennslumálaráðherra gert ráðstafanir til þess, að endurskoðuð verði gildandi ákvæði um kennaraval við háskólann, en meiri hluti nefndarinnar telur, að þá sé vænlegast um góðan árangur af slíkri endurskoðun, ef millipinganefnd, skipuð fulltrúum fyrir þrjá stærstu þingflokkana, hafi hana með höndum og undirbúi málið rækilega undir næsta Alþingi. Verður því ekki neitað, að mistök hafa orðið, fyrr og síðar, um kennaraval af hálfu háskólans, og er það öllum aðiljum fyrir beztu, að settar verði reglur um embættaveitingar við háskólann, sem tryggja betur en verið hefir, að hinir hæfustu menn veljist í kennarastöður, og komi í veg fyrir árekstra milli háskólaráðs og veitingarvalds.